

AFSTAÐA JARÐLÍFSINS Í ALHEIMI

I

Þakklátur er ég Lesbók Mbl. fyrir grein dr. M. Davidsons „Er líf á öðrum höttum“ (25. 5. '41). Grein þessi sýnir svo vel hve fátæklega er um þetta efni ritað. Þó að fyrirsögnin sé svona víðtæk, þá er ekki um annað rætt, en jarðstjörnur vors sólhverfis, og niðurstaðan sú, að af öllu afsprengi sólarinnar, sé jörð vor ein um að vera heimkynni lífs. Nágrannar jarðarinnar, Venus og Mars, eru einu systkini hennar, sem til greina virtust geta komið sem lífjarðir, en rannsóknir síðustu ára hafa gert það ljóst, að um mannlíf getur þar þó ekki verið að ræða. Stjörnufræðingurinn dr. H. Spencer Jones, leiðir í hinni ágætu bók sinni „Life on other Worlds“ (líf á öðrum stjörnum) mjög merkileg rök að því að á Mars muni vera einhverjar leifar hverfandi lífs, en í lofthvolfi Venusar sé ekki neitt lífsloft, (fýri) og sé ástandið þar líkt því sem var hér á jörðu, áður en líf hófst hér, fyrir svo sem 1000 milljónum ára; telur Jones líklegt, að á Mars sé sögu lífsins að verða lokið, en á Venus muni hún vera framundan. Og er þar býsna fróðlegt umhugsunarefni. En hvað sem þessu líður, þá er þekkingin á alheimi nú komin á það stig, að vel má skilja, hversu fjarstaðlegt er að ímynda sér að hvergi í öllum heimi sé til líf nema á vorri jörð eða í voru sólhverfi. Sú var tíðin, að menn ímynduðu sér, að heimurinn væri aðallega jörðin, og sól og stjörnur til, einungis hennar vegna. Það var því afarmikill þekkingarauki, þegar mönnum skildist, að jörð vor er aðeins minniháttar fylgihnöttur við sól, sem telja verður til dverganna meðal sólna, þó að hún sé raunar meir en milljón sinnum stærri en jörðin. Þar með var fundin afstaða jarðar vorrar í alheimi, en eftir var, og vitanlega

ennþá miklu þýðingarmeira fyrir oss, að átta sig á afstöðu jarðlífsins í alheiminum. Hefir mönnum virst svo sem vísindunum mundi það aldrei takast, þar sem engin tók væru á því að rannsaka hvort til væri líf í öðrum sólhverfum. Og meir en það. Jafnvel allra ágætustu tækjum stjörnufræðinganna hefir verið það ofvaxið að leiða í ljós, hvort jarðstjörnur eru við allra næstu nágrannasólir vorar, sem eru þó „aðeins“ í 40 billjóna kílómetra fjarlægð frá oss. Menn hafa því, fram á þennan dag, verið, ef unnt væri, ennþá sannfærðari um, að aldrei muni takast að gera líffræðina að heimsvísindum, en þeir voru þangað til fyrir rúmlega 80 árum, um, að aldrei mundi takast að láta efnafræðina fara að ná til stjarnanna.

II

Nú vill svo til, að ég hefi fundið vísindalega aðferð til að komast að raun um tilveru lífs á öðrum jarðstjörnum og rannsaka það, og er þar að vísu um ennþá þýðingarmeiri tíðindi að ræða en þegar efnafræðin var gerð að heimsvísindum á öldinni sem leið. Hefi ég í hinni nýju bók minni Framnýal, gert nokkru nánari grein fyrir þessu máli en áður. En rök þau eru alveg fullnægjandi hverjum þeim sem vill hafa fyrir því að meta þau. Og mun það sannast, að þar er um að ræða upphaf stórkostlegra framfaratímabils í sögu vísindanna, en nokkurt hefir verið áður. Það er svo þýðingarmikið fyrir íslensku þjóðina, að hún leggi eitthvað til heimsmenningarinnar, að afsakanlegt mundi þykja, þó að eitthvað væri blásið upp, sem tvísýnt gæti verið um. En í þessu máli er ekki um neina tvísýnu að ræða. Og þá er ekki sá ljóður á, að öðrum íslenskum vísindamönnum gæti orðið það á nokkurn hátt til minnkunar, að gefa þessu máli gaum og taka undir það. Því að þetta mundi reynast mjög á hinn veginn, og mætti í þessu sambandi minna á það, hversu miklu bjartara er yfir nöfnum þeirra vísindamanna, sem tóku undir með Darwin, heldur en hinna, sem ekki létu sér skiljast hvað um var að vera.

En nú er eftir að vita, hvort má sín meira, sljóleiki og óvild gagnvart einstaklingnum, eða sannleiksást og sönn þjóðrækni. Fyrir framtíð eigi einungis íslenskra vísinda, heldur allrar íslensku þjóðarinnar, mun það skipta eigi all-litlu hvort verður.